

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Nóvember 2008

Yfirlit efnahagsmála

Í nóvember hækkaði **vísitala neysluverðs** um 1,74% frá fyrri mánuði og hafði hækkað um 17,1% sl. tólf mánuði. Mest áhrif hafði 3,6% verðhækkun mat- og drykkjarvöru (vísitöluáhrif 0,46%), 7% verðhækkun á efni til viðhalds húsnæðis (áhrif 0,29%) og 3,4% verðhækkun húsgagna og heimilistækja (áhrif 0,24%). Aðrar innfluttar vörur hækkuðu einnig töluvert í verði. Verð innfluttrar vöru án áfengis og tóbaks hækkaði um 27% sl. tólf mánuði. **Vísitala neysluverðs án húsnæðis** hækkaði um 1,84% frá því í október og hafði þá hækkað um 19,5% sl. tólf mánuði. Tólf mánaða **undirliggjandi verðbólga**, þ.e. án áhrifa sveiflukenndra þátta, verðlags opinberrar þjónustu og raunvaxta, var u.þ.b. 15½%.

Samkvæmt könnun sem gerð var í september og október sl. lækkuðu **verðbólguvæntingar fyrirtækja** um þrjár prósentur frá því í júní sl. Forsvarsmenn fyrirtækja vænta 7% verðbólgu á næstu tólf mánuðum. Jafnframt töldu tæp 70% stjórnenda að verð á vörum og þjónustu fyrirtækisins á innlendum markaði hækki á næstu sex mánuðum. Þeir voru hins vegar svartsýnni um aðstæður í efnahagsmálum en í júní sl. Töldu 83% þeirra að aðstæður væru slæmar samanborið við 76% í júní. Líkt og þá voru skoðanir afar skiptar um framtíðarhorfur. Þriðjungur stjórnenda töldu að aðstæður yrðu betri eftir sex mánuði en 35% töldu að þær myndu versna.

Vísbendingar um veltu í október benda til að samdráttur einkaneyslu verði meiri á síðasta fjórðungi ársins en á fjórðungnum á undan. **Kortavelta** innanlands dróst saman á milli ára um rúmlega 16% að raungildi, samanborið við rúmlega 9% samdrátt á þriðja fjórðungi ársins. **Kreditkortavelta** dróst saman um rúmlega 12% milli ára í október, en samdráttur var aðeins 1½% á fjórðungnum á undan. **Debetkortavelta** dróst saman um fimmtung en á þriðja fjórðungi ársins var 16% samdráttur. **Nýskráningar bifreiða** voru rúmlega 85% færri í október en í sama mánuði í fyrra og hafa dregist saman um rúmlega þriðjung það sem af er ári. **Sementsala án stóriðju** dróst saman um rúmlega 35% milli ára í október en árssamdráttur nam 15% á þriðja fjórðungi ársins.

Væntingavísitalan lækkaði verulega í október og nóvember og hefur ekki mælst lægri frá upphafi mælinga. Lækkunin í nóvember var mun meiri en í október, enda um að ræða fyrstu mælingu eftir fall bankakerfisins. Neytendur voru afar svartsýnir um bæði núverandi ástand og framtíðarhorfur í efnahags- og atvinnumálum en mest lækkun varð á mati á efnahagslífinu. Í nóvember töldu tæplega 60% svarenda að efnahagsástandið yrði verra eftir sex mánuði samanborið við rúman fimmtung svarenda í október. Um 53% svarenda reiknuðu með minni atvinnumöguleikum að sex mánuðum liðnum samanborið við 37% í síðustu mælingu.

Rekstur þeirra sex **skráðu fyrirtækja** sem hafa skilað uppgjörum var verri á alla mælikvarða á þriðja fjórðungi ársins en á sama tíma fyrir ári. **Eiginfjárhlutfall** hefur lækkað um fjórar prósentur frá sama fjórðungi í fyrra og um sjö prósentur frá sama tímabili árið 2006. **Skuldahlutfall** fyrirtækjanna jókst úr 2,25 á þriðja fjórðungi í fyrra í 2,8 á sama fjórðungi í ár. **Viðskiptavild** er nú um 45% af heildareignum.

Afgangur á vöruviðskiptum við útlönd nam 7,8 ma.kr. í september en 0,2 ma.kr. ef horft er framhjá verslun með flugvélar. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að afgangur hafi verið 10,6 ma.kr. í október. Verðmæti **vöruinnflutnings** á föstu gengi jókst um 4% milli ára í september að flugvélum og skipum undanskildum. Verðmæti **vöruútflutnings** á föstu gengi var 66% meiri í september en í sama mánuði í fyrra og hefur aukist um tæpan fimmtung það sem af er ári.

Hrávöruverð á heimsmarkaði var 10,4% lægra fyrstu þrjár vikur nóvember en meðalverð í október. Á sama tíma lækkaði **olíuverð** á alþjóðamarkaði um rúman fjórðung og **álverð** um 8%.

Viðsnúningur á **vinnumarkaði** sést nú greinilega í tölum Vinnumálastofnunar fyrir október. **Atvinnuleysi** að teknu tilliti til árstíðar jókst um ½ prósentu og nam 2,1% og hefur ekki mælst jafn mikið frá því um mitt ár 2005. Niðurstöður könnunar meðal forsvarsmanna 400 stærstu fyrirtækja landsins í september og október sl. benda til að atvinnuleysi eigi enn eftir að aukast. Rúmlega þriðjungur fyrirtækja hyggst **fækka starfsmönnum** á næstu sex mánuðum en fjórðungur í sömu könnun í júní. Frá því að könnunin hófst í september 2002 hafa ekki jafn fá fyrirtæki viljað fjölga starfsmönnum og nú. Færri fyrirtæki á landsbyggðinni vilja fækka starfsmönnum en í júní, en því er öfugt farið á höfuðborgarsvæðinu. **Launavísitala** fyrir vinnumarkaðinn í heild hækkaði um 0,3% milli mánaða í október, eingöngu vegna kjarasamningsbundinna hækkana og

nam árshækkun vísitölunnar 8,8%. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 15,9% og minnkaði því **kaupmáttur** um 6,1% milli ára og hefur ekki fallið jafn mikið frá því í maí 1990.

Tekjuafgangur ríkissjóðs nam 14 ma.kr. fyrstu níu mánuði ársins, samanborið við 52 ma.kr. afgang á sama tíma árið 2007. **Tekjur ríkissjóðs** hafa verið tæplega 5% minni að raunvirði það sem af er ári en á sama tíma árið 2007 en ársvöxtur **útgjalda** um 7% meiri.

Staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var óbreytt milli mánaða í október að teknu tilliti til árstíðar. Árslækkun staðgreiðsluverðs nam 2,4% og lækkaði raunverð um tæplega 16%. Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu var um 70% minni í október en fyrir ári. **Meðalsölutími á fasteignamarkaði** lengdist milli mánaða í október þar sem bæði **eignum sem auglýstar voru til sölu** fjölgaði og **velta** minnkaði.

Hinn 28. október hækkaði bankastjórn Seðlabanka Íslands **stýrivexti** um 6 prósentur í 18% en ákvað að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum á reglulegum vaxtaákvörðunardegi hinn 6. nóvember. **Raunstýrivextir** miðað við liðna verðbólgu lækkuðu um rúmlega eina prósentu milli mánaða í nóvember og eru nú um 2,3%.

Innlendir **fjármálamarkaðir** hafa verið að mestu óstarfhæfir frá hruni bankakerfisins. Nokkuð flókt hefur verið á **ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa** og **íbúðabréfa** undanfarinn mánuð en ekki er formleg viðskiptavakt með bréfin og oft mikill munur milli kaup- og sölutilboða. Velta hefur þó aukist undanfarnar vikur.

Nýjustu tölur sýna að **alþjóðlega fjármálakreppan** er farin að hafa verulega neikvæð áhrif á raunhagkerfi bæði iðn- og nýmarkaðsríkja. Samdráttar landsframleiðslu er nú farið að gæta víða. Bæði í Evrópu og Japan hefur landsframleiðsla dregist saman milli fjórðunga undanfarna tvo ársfjórðunga og í Bandaríkjunum var samdráttur milli fjórðunga á þriðja fjórðungi ársins. Minni eftirspurn og lækkandi hrávöruverð hefur haft í för með sér að víða hefur dregið úr **verðbólgu**. Á evrusvæðinu var verðbólga í október hin minnsta frá því í janúar og nam 3,2%. Í Bandaríkjunum minnkaði hún úr 5,5% í júlí í 3,7% í október. Einnig dró úr verðbólgu í Bretlandi og nam hún 4,5% í október. Betri verðbólguhorfur og hægari hagvöxtur eða samdráttur hafa víða ýtt undir lækkun stýrivaxta frá síðustu útgáfu Hagvísu. Seðlabankar Bandaríkjanna og Evrópu lækkuðu stýrivexti um 0,5 prósentur og Englandsbanki um 1,5 prósentur. Svissneski seðlabankinn lækkaði vexti í tvígang í nóvember, samanlagt um 1,5 prósentur. Þá lækkaði Seðlabanki Japans stýrivexti sína í fyrsta sinn frá árinu 2001 úr 0,5% í 0,3%. Að auki lækkuðu seðlabankar, Ástralíu, Hong Kong, Kína, Noregs, Póllands, Slóvakíu, Taiwan, Tékklands og Tyrklands stýrivexti sína. Hins vegar hafa nokkrir seðlabankar hækkað stýrivexti, einkum til að styðja við gjaldmiðla sína. Seðlabanki Rússlands hækkaði stýrivexti um 1 prósentu í 12%, Seðlabanki Ungverjalands hækkaði stýrivexti um 3 prósentur í 11,5% í lok október en lækkaði þá aftur um 0,5 prósentur nú í lok nóvember. Seðlabanki Danmerkur jók bilið milli stýrivaxta í Danmörku og stýrivaxta Seðlabanka Evrópu með 0,5 prósentu vaxtahækkun í lok október en hélt vaxtamun áfram óbreyttum í kjölfar stýrivaxtalækkunar Seðlabanka Evrópu í byrjun nóvember.

Í Hagvísu er notast við talnagögn sem tiltæk voru 26. nóvember 2008.

Yfirlitstafla Hagvísu

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á 12 mán.	
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði ²	yfir 12 mánuði	VNV sl. 12 mán (%)	br. fyrir ári (%)
I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar¹							
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100)	nóvember '08	327,9	1,7	16,0	17,1	.	5,2
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns).....	nóvember '08	184,3	1,7	16,5	16,1	14,3	5,4
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu)	nóvember '08	186,8	1,9	17,3	16,8	13,8	5,6
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis	nóvember '08	163,6	1,8	23,5	20,9	1,5	-3,1
Búvörur og grænmeti	nóvember '08	158,5	4,0	19,2	22,8	1,3	-2,2
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks	nóvember '08	150,2	2,5	24,1	27,0	8,8	1,8
- mat- og drykkjarvörur.....	nóvember '08	179,8	5,9	59,3	54,3	1,4	-7,8
- nýr bíll og varahlutir.....	nóvember '08	164,2	1,0	13,6	26,0	2,2	3,5
- bensín.....	nóvember '08	213,7	-1,5	-2,0	23,4	1,1	13,0
- innfluttar vörur aðrar	nóvember '08	125,3	3,8	32,6	24,2	4,0	-0,6
Húsnæði.....	nóvember '08	313,0	1,4	8,1	10,5	2,6	15,4
Opinber þjónusta	nóvember '08	163,0	-0,1	6,1	6,7	0,4	3,5
Önnur þjónusta.....	nóvember '08	181,0	0,1	12,2	11,5	2,4	5,4
Dagvara.....	nóvember '08	164,9	3,9	32,2	30,6	4,5	-3,5
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	31. október '08	176,0	9,1	94,2	79,6	.	-5,4

	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt 24 mánaða á árskvarða	Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja	október '08	7,0	3,0	3,0	3,4	.
Verðbólguvæntingar almennings	október '08	14,0	7,0	5,0	7,0	14,5

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitölur undirflokkanna: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársraða.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
II Framleiðsla og eftirspurn							
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	370,8	322,3	7,4	5,0	695,1	4,1
Þjóðarútgjöld (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	382,5	364,2	-1,3	-8,0	743,9	-2,6
Einkaneysla (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	209,6	190,3	0,8	-3,2	403,4	1,3
Samneysla (ma.kr.)	2. ársfj. '08	88,5	79,3	1,0	3,8	173,8	4,1
Fjármunamyndun (ma.kr.)	2. ársfj. '08	84,3	93,5	-5,4	-25,8	164,3	-16,3
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	174,9	106,6	28,4	24,9	288,7	12,3
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	-186,6	-148,5	1,7	-12,0	-337,4	-6,3
Velta innanlandsgr. skv. virðisaukask. skýrslum (ma.kr.) ¹	júlí-ágúst '08	305,7	279,2	-0,8	-1,2	1.152,0	2,3
Dagvöruvelta (nóv. 2001=100)	október '08	126,2	131,3	0,0	-3,9	135,6	3,4
Greiðslukortavelta (ma.kr.) ¹	október '08	67,2	62,0	4,8	-11,2	608,0	-7,5
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	2. ársfj. '08	327,5	229,8	77,9	42,5	327,5	42,5
Sementssala (þús. tonn).....	október '08	18,5	30,3	-20,6	-39,1	213,8	-19,5
Nýskráning bifreiða (stk.).....	október '08	260	1.907	-65,8	-86,4	12.108	-36,3

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðréttum tölum.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði							
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	september '08	121,6	118,8	0,6	2,4	120,0	2,2
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn)	nóvember '08	1.825	2.506	-14,0	-27,2	2.675	0,6
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat)	nóvember '08	47,2	92,5	-35,1	-48,9	102,4	44,4
Botnfiskafli (þús. tonn)	október '08	41,5	37,9	25,2	9,5	396,5	-6,3
Uppsjávarafli (þús. tonn)	október '08	51,1	59,7	53,9	-14,4	662,2	-14,2
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	september '08	42,6	18,1	26,0	63,5	293,4	24,5
- sjávarafurðir (ma.kr.) ¹	september '08	15,4	8,6	31,7	24,0	115,2	-2,2
- ál (ma.kr.) ¹	september '08	18,7	4,9	12,3	162,9	124,2	64,0
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) ¹	september '08	6,4	3,3	51,7	31,7	40,7	24,7
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	september '08	42,4	28,0	13,7	4,7	348,8	2,3
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	september '08	0,3	-9,9	.	.	-55,4	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	2. ársfj. '08	44,8	36,8	15,3	-7,2	78,5	-0,3
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	2. ársfj. '08	54,2	47,9	5,0	-13,9	98,9	-6,0
Raugengi m.v. verðlag (2000=100)	3. ársfj. '08	99,0	110,0	0,0	-10,0	99,0	-7,5

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

IV Vinnumarkaður og tekjur

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting frá ¹		Frá ársbyrjun ²	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Fjöldi atvinnulausra.....	október '08	3.106	1.315	877	1.791	1.959	15,8
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleidd (af mannafla).....	október '08	2,1	0,9	0,4	1,2	1,2	0,2
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (af mannafla).....	3. ársfj. '08	1,9	2,1	0,0	-0,2	2,6	0,2
Laus störf á vinnumiðlunum	október '08	259	296	-37,1	-12,5	366	-14,5
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	október '08	201	287	1,0	-30,0	2.033	-22,1
Ný tímab. leyfi á nýjum vinnustað og framlengd tímab. leyfi.....	október '08	291	971	-2,7	-70,0	4.137	-35,9
Launavísitala (des. 1988=100).....	október '08	353,3	324,6	0,3	8,8	343,5	8,2
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	október '08	136,9	145,8	-1,8	-6,1	141,7	-3,0

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysis hlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

V Opinber fjármál

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Raunbreyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Raunbr. frá f. ári (%)
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	september '08	-5,4	2,4	.	.	13,8	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	september '08	-15,6	7,4	.	.	4,2	.
Hrein lánsfjárbörf (ma.kr.).....	september '08	0,1	5,2	.	.	27,7	.
Hrein lánsfjárbörf (% af tekjum).....	september '08	0,1	15,6	.	.	8,3	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	september '08	34,5	33,1	2,3	-8,4	332,4	-5,9
- án eignasölu og óreglulegra tekna (ma.kr.).....	september '08	34,5	33,1	2,3	-8,4	332,4	-5,9
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	september '08	10,5	11,2	-1,1	-17,3	99,0	-10,5
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	september '08	9,8	9,1	-2,4	-5,0	94,9	-4,2
- af innflutningi (ma.kr.).....	september '08	2,9	3,6	-3,5	-29,4	28,0	-13,3
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	september '08	39,9	30,7	1,0	14,3	318,6	6,7
- leiddrétt fyrir óreglulegum gjöldum (ma.kr.).....	september '08	39,9	30,7	1,0	14,3	318,6	6,7

Skýring: Fyrstu fjórir dálkarnir vísa til 4ra mánaða meðaltala, hinir tveir til heildartalna frá byrjun árs.

VI Eignamarkaðir

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
Úrvalsvisitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000).....	október '08	1.526,6	8.329,1	-62,2	-81,7	4.435,4	-43,6
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	október '08	48,1	177,4	-72,4	-72,9	1.178,1	-55,8
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	október '08	338,8	348,4	-0,1	-2,7	340,9	4,9
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	október '08	183,2	217,5	-2,3	-15,8	196,3	-5,7
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	nóvember '08	2800	3760	40,0	-25,5	3159	11,5


VII Fjármálamarkaðir

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	september '08	4.827,4	2.893,6	17,1	66,8	.	.
að frádregnum áætl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala).....	september '08	580,3	478,0	5,8	27,7	.	.
að raungildi (jan. 2002=100).....	september '08	422,9	335,4	1,4	26,1	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.).....	júní '08	6.731,4	5.017,8	0,5	34,2	.	.
M3 (ma.kr.).....	september '08	1.230,3	786,2	7,4	56,5	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	21. nóvember '08	17,8	14,2	2,6	3,5	15,3	1,3
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 100317) (%) ¹	21. nóvember '08	15,7	12,7	5,8	3,1	12,2	1,2
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 130517) (%) ¹	21. nóvember '08	13,7	10,3	5,0	3,3	10,6	1,3
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150224) (%) ¹	21. nóvember '08	3,8	6,4	0,2	-2,5	4,6	-0,9
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150434) (%) ¹	21. nóvember '08	4,0	5,4	0,3	-1,4	4,3	-0,5
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150644) (%) ¹	21. nóvember '08	4,0	5,0	0,3	-1,0	4,3	-0,2
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	21. nóvember '08	21,8	19,4	1,2	2,4	20,3	1,0
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	21. nóvember '08	10,3	9,6	0,3	0,7	10,1	1,3
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) ¹	21. nóvember '08	221,8	116,4	26,4	105,4	159,3	41,2


1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar


I-1 Verðbólga
Heildarvísitala og mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu




I-2 Verðbólga
Ýmsir mælikvarðar




I-3 Undirliðir verðbólgu
Áhrif á þróun vísitölu neysluverðs sl. 12 mánuði




I-4 Verðlagsþróun
Vörur




I-5 Verðlagsþróun
Húsnæði og þjónusta




I-6 Verðlagsþróun
Húsnæði



I-7 Verðlagsþróun
Ýmsir undirliðir



I-8 Verðbólguvæntingar
Verðbólguálag í lok mánaðar og verðbólguvæntingar skv. könnunum




1. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210.
2. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001.
3. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og HFF150914.

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar


I-9

Verðlags- og launapróun
Laun, verðbólga og þjónusta




I-10

Innflutningsverðlag og gengisþróun
Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala og verð innfl. vöru í VNV




I-11

Verðlagsþróun
Vörur, húsnæði og þjónusta



I-12


Verðbólga á Íslandi og í Evrópu
Samræmd vísitala neysluverðs



II Framleiðsla og eftirspurn


II-1

Hagvöxtur og þjóðarútgjöld
Ársfjórðungslegar tölur




II-2

Landsframleiðsla
Framlag einstakra liða til hagvaxtar




II-3

Einkaneysla og fjármunamyndun
Ársfjórðungslegar tölur



II-4


Fjármunamyndun
Framlag einstakra liða til fjármunamyndunar



II Framleiðsla og eftirspurn


II-5

Utanríkisviðskipti Ársfjórðungslegar tölur




II-6

Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja Janúar-september 2006-2008




II-7

Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum Árstíðarleiðréttar tölur



II-8


Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum Nokkrir undirflokkar



II-9

Greiðslukortavelta


Velta debet- og kreditkorta, staðvirt með VNV án húsnæðis og gengisvísitölu



II-10

Greiðslukortavelta


Velta debet- og kreditkorta, staðvirt með VNV án húsnæðis og gengisvísitölu



II-11


Dagvöruvelta

Raunvirt með verðvísitölu dagvöru



II-12

Einkaneysla, dagvöruvelta og greiðslukortavelta Ársfjórðungslegar tölur¹




1. Punktar sýna 12 mánaða breytingu í október.

II Framleiðsla og eftirspurn


II-13

Sementssala
Mánaðarlegar tölur, 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal




II-14

Innflutningur og nýskráningar bifreiða
Mánaðarlegar tölur, 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal




II-15

Væntingavísitölur Gallup
Mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða



II-16

Einkaneysla og væntingavísitala Gallup
Ársfjórðungslegar tölur¹




1. Punktar sýna 12 mánaða breytingu í október.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði


III-1

Viðskiptajöfnuður
Ársfjórðungslegar tölur




III-2

Undirþættir viðskiptajafnaðar
Rekstrarframlög talin með þáttatekjum




III-3

Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi
Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall



III-4


Vöruinnflutningur og -útflutningur
12 og 3 mánaða hreyfanleg meðaltöl, á föstu gengi



III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði


III-5

Undirþættir vöruútflutnings
Útflutningsverðmæti á föstu gengi




III-6

Undirþættir vöruinnflutnings
Innflutningsverðmæti á föstu gengi




III-7

Magnbreyting helstu útflutningsvara
Ársfjórðungslegar tölur




III-8

Magnbreyting helstu innflutningsvara
Ársfjórðungslegar tölur




III-9

Vöruútflutningur
3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, á föstu gengi




III-10

Vöruútflutningur eftir vöruflokkum
3 mán. hreyfanleg meðaltöl útflutningsverðmætis, á föstu gengi




III-11

Árstíðarleiðréttur vöruinnflutningur
3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, á föstu verði og gengi



III-12


Vöruviðskipti janúar-september 2006-2008



III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði


III-13

Þjónustujöfnuður
Á föstu gengi




III-14

Aflaverðmæti
Á föstu verðlagi




III-15

Magn afla
Janúar-október




Útfl.verðmæti sjávarafurða
Janúar-september



III-16


Útflutningsverðlag

Verð á sjávarafurðum í erlendri myntvog og áli í dollurum




III-17

Olíu- og bensínverð á heimsmarkaði
Framvirkt verð




III-18

Hrávöruverð á heimsmarkaði
Vikulegar tölur




III-19

Raugengi
Ársfjórðungslegar tölur



III-20


Raugengi m.v. verðlag
Mánaðarlegar tölur



IV Vinnumarkaður og tekjur


IV-1

Atvinnuleysi
Hlutfall af mannafla




IV-2

Erlendir starfsmenn
3 mánaða hreyfanleg meðaltöl




IV-3

Atvinnuleysi og -þátttaka
Skv. könnun Hagstofu




IV-4

Starfandi og fjöldi við vinnu
Ársfjórðungslegar tölur




IV-5

Breytingar á vinnuafli
Skv. vinnumarkaðskönnun




IV-6

Breytingar á vinnuafli
Framlag aldurshópa til breytingar heildarvinnustundafjölda




IV-7

Laun og kaupmáttur
Launavísitala Hagstofu



IV-8


Launabreytingar eftir geirum
Launavísitala Hagstofu



IV Vinnumarkaður og tekjur


IV-9

Vísitala launa á almennum vinnumarkaði
eftir atvinnugreinum
Breyting frá fyrra ári (%)



IV-10


Vísitala launa á almennum vinnumarkaði
eftir starfstéttum
Breyting frá fyrra ári (%)



V Opinber fjármál


V-1

Tekjur, gjöld og jöfnuður hins opinbera
Raunhækkun reiknuð m.v. neysluverð




V-2

Tekjur, gjöld og jöfnuður ríkissjóðs
Raunhækkun reiknuð m.v. neysluverð




V-3

Tekjur, gjöld og jöfnuður sveitarfélaga
Raunhækkun reiknuð m.v. neysluverð




V-4

Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl




V-5

Reglulegar tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld án vaxta
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



V-6


Þróun skatttekna ríkissjóðs
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



V Opinber fjármál


V-7

Ríkisútgjöld eftir tegundum
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



V-8


Þróun ríkisútgjalda, helstu málaflokkar
Raunvirt 4 mánaða hreyfanleg meðaltöl



VI Eignamarkaðir


VI-1

Hlutafjármarkaður
Mánaðarleg velta og verðþróun




VI-2

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæði
Fermetraverð íbúðarhúsnæðis, 3 mán. meðaltöl




VI-3

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu
Mánaðarlegt verð og velta




VI-4

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu
Fjölbýli og sérbýli




VI-5

Auglýstar fasteignir og meðalsölutími birgða
Auglýsingar á fasteignavef Morgunblaðsins



VI-6


Fjöldi og fjárhæð nýrra íbúðalána
Innlánsstofnanir og íbúðalánasjóður



VI Eignamarkaðir


VI-7

Markaðsverð húsnæðis
Landið allt og landsbyggðin



VI-8


Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu
Vegið meðaltal iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis



VII Fjármálamarkaðir


VII-1

Útlánaaukning lánakerfisins
Ársfjórðungslegar tölur




VII-2

Skuldir heimila við helstu lánastofnanir
Mánaðarlegar tölur




VII-3

M3 og innlend útlán innlánsstofnana
Mánaðarlegar tölur




VII-4

Raugildi M3 og innleindra útlána innlánsstofnana
Mánaðarlegar tölur




VII-5

Útlán innlánsstofnana til fyrirtækja
Framlag einstakra liða til útlánsvaxtar




VII-6

Útlán innlánsstofnana til heimila
Framlag einstakra liða til útlánsvaxtar




VII Fjármálamarkaðir


VII-7




VII-8




VII-9




VII-10




VII-11




VII-12



VII-13




VII-14



VII Fjármálamarkaðir


VII-15

Framvirkir vextir á fjármálamarkaði
21. nóvember 2008




VII-16

Framvirkir vextir út frá skiptasamningum
21. nóvember 2008




VII-17

Óverðtryggðir meðalvextir
Útlán banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir




VII-18

Verðtryggðir meðalvextir
Útlán banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir




VII-19

Vaxtamunur
Milli meðalkjörvaxta og stýrivaxta,
útlánvaxta banka og ávöxtunar spariskirteina




VII-20

Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða
Verðtryggð kjör




VII-21

Verðtryggðir vextir íbúðalána
Lægstu vextir íbúðalána



VII-22


Skuldatryggingar íslenskra banka
og vísitala evrópskra fjármálafyrirtækja
Daglegar tölur 8. júlí 2006 - 21. nóvember 2008



VII Fjármálamarkaðir


VII-23

Framvirk gjaldeyrisstaða og gengi
Mánaðarleg meðaltöl




VII-24

Vaxtamunur að teknu tilliti til gengisflökts
og framvirk gjaldeyrisstaða bankanna
Mánaðarlegar tölur




VII-25

Gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum
Daglegar tölur




VII-26

Gengi hávaxtagjaldmiðla gagnvart evru
Daglegar tölur




VII-27

Meðalgengi og raungengi krónu
Mánaðarleg meðaltöl



VII-28


Skuldabréfaútgáfa erlendis¹
Mánaðarlegar tölur



VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-1

Verðlagsþróun
M.v. neysluverðsvisítölu




VIII-2

Verðlagsþróun á Norðurlöndunum
M.v. neysluverðsvisítölu




VIII-3

Verðlagsþróun í nýmarkaðsríkjum
M.v. neysluverðsvisítölu




VIII-4

Atvinnuleysi
Árstíðarleiðrétt




VIII-5

Iðnaðarframleiðsla
Árstíðarleiðréttar magnvísitölur




VIII-6

Hagvöxtur
Magnbreyting vergrar landsframleiðslu




VIII-7

Hagvöxtur í nýmarkaðsríkjum
Magnbreyting vergrar landsframleiðslu




VIII-8

Vöxtur breiðs peningamagns
M3




VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-9




VIII-10




VIII-11




VIII-12




VIII-13




VIII-14



VIII-15




VIII-16



VIII Alþjóðleg efnahagsmál


VIII-17

Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland
Tímaás sýnir mánuðinn sem spáin er gerð í




VIII-18

Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan
Tímaás sýnir mánuðinn sem spáin er gerð í




VIII-19

Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD



VIII-20

Væntingavísitölur á evrusvæði og í Bandaríkjunum



Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Myndir I-1 - I-12: Í janúar 2008 varð breyting á lögum um vísitölu neysluverðs þannig að verðupplýsingum fyrir útreikning vísitölnnar er nú safnað um miðjan hvern mánuð í stað fyrstu tvo virka daga mánaðarins. Á árinu 2008 munu breytingar milli ára því sýna 12½ mánaða breytingu vísitölnnar í stað 12 mánaða breytingar áður.

Mynd I-1. Verðbólga: heildarvísitala og mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs (VNV) og kjarnavísitalna 1, 2 og 3. Kjarnavísitölnnar eru byggðar á sama grunni og VNV en kjarnavísitala 1 undanskilur verð búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns og kjarnavísitala 2 til viðbótar verð opinberrar þjónustu. Kjarnavísitala 3 er kjarnavísitala 2 án áhrifa af breytingum raunvaxta á húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Einnig er sýnt verðbólguþáttmarkmið Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

Mynd I-2. Verðbólga: ýmsir mælikvarðar

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis, vísitölu án beinna áhrifa lækkunar óbeinna skatta og kjarnavísitölu 3 án skattaáhrifa.

Mynd I-3. Undirliðir verðbólgu: áhrif á þróun vísitölu neysluverðs sl. 12 mánuði

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

Mynd I-4. Verðlagsþróun: vörur

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; innlendirar vöru án búvöru og grænmetis og innfluttrar vöru án áfengis og tóbaks.

Mynd I-5. Verðlagsþróun: húsnæði og þjónusta

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

Mynd I-6. Verðlagsþróun: húsnæði

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum fjögurra undirflokka húsnæðis; reiknaðrar húsaleigu, greiddrar húsaleigu, markaðsverðs húsnæðis og viðhalds og viðgerða á húsnæði.

Mynd I-7. Verðlagsþróun: ýmsir undirliðir

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum fjögurra undirflokka vísitölu neysluverðs; dagvöru, bensíns og nýrra bíla og varahluta.

Mynd I-8. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrir-tækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu tólf mánuði.

Mynd I-9. Verðlags- og launaþróun: laun, verðbólga og þjónusta

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar launavísitölu, vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

Mynd I-10. Innflutningsverðlag og gengisþróun

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð innfluttrar vöru án áfengis og tóbaks í vísitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100. Innflutningsgengisvísitalan er birt með eins mánaðar tölfræði þar sem verðlagsmælingar eru gerðar um miðjan mánuð.

Mynd I-11. Verðlagsþróun: vörur, húsnæði og þjónusta

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýnd er þróun vísitölu neysluverðs ásamt innfluttri vöru án áfengis og tóbaks, reiknaðri húsaleigu, greiddri húsaleigu og almennri þjónustu.

Mynd I-12. Verðbólga á Íslandi og í Evrópu

Heimildir: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi, evrusvæðinu og EES-svæðinu miðuð við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP).

Mynd II-1. Hagvöxtur og þjóðarútgjöld

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframléiðslu og þjóðarútgjalda frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-2. Neysla og fjármunamyndun

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-3. Landsframleiðsla

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári og hlutdeild undirþátta í hagvexti. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-4. Fjármunamyndun

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting fjármunamyndunar frá sama fjórðungi fyrra árs og hlutdeild undirþátta í fjármunamyndun. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-5. Utanríkisviðskipti

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting útflutnings og innflutnings frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-6. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (framlegð), hagnaður eftir skatta, fjármagnsliðir og veltufé. Úrtak er parað í samanburði tveggja seinni áranna.

Mynd II-7. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, og árstíðarleiddréttar.

Mynd II-8. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum: nokkrir undirflokkar

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um þrjá undirflokka; byggingarstarfsemi, smásöluverslun og þjónustugreinar. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, en ekki árstíðarleiddréttar.

Mynd II-9. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta innanlands (velta kreditkorta einstaklinga, debetkortanotkun í verslun og samanlögð velta debetkorta og kreditkorta einstaklinga). Staðvirt er með vísitölu neysluverðs. Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í % í einum mánuði.

Mynd II-10. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Samanlögð velta debetkorta og kreditkorta einstaklinga innanlands og velta erlendis. Staðvirt er með meðalgengisvísitölu. Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

Mynd II-11. Dagvöruvelta

Heimild: Rannsóknarsetur verslunar (RSV). Velta dagvöru í smásölu samkvæmt smásöluvísitölu RSV. Raunvirt með verðvísitölu dagvöru frá Hagstofu. Nóvember 2001=100. Reiknað er árstíðarleiddrétt hreyfanlegt þriggja mánaða meðaltal veltu, 12 mánaða breyting þriggja mánaða meðaltals milli ára og uppsöfnuð velta frá áramótum. Vísitalan er reiknuð af RSV skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

Mynd II-12. Einkaneysla, dagvöruvelta og greiðslukortavelta

Heimildir: Hagstofa Íslands, Rannsóknarsetur verslunar (RSV), Seðlabanki Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, dagvöruveltu og greiðslukortaveltu frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytingar á einkaneyslu og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd II-13. Sementssala

Heimildir: Aalborg Portland Ísland hf., BM Vallá, Sementsverksmiðjan hf. Samanlögð sementsala þriggja seljenda. Sementssala án stóriðju er sýnd frá ágúst 2004. Sementssala í hverjum mánuði er árstíðarleiddrétt. Reiknað er þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal og sýnd 12 mánaða breyting þess.

Mynd II-14. Innflutningur og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Bilgreinasambandið, Hagstofa Íslands. Tölur um innflutning bifreiða eru frá Hagstofu og ná yfir fólksbíla eingöngu. Tölur um nýskráningu bifreiða eru frá Bilgreinasambandinu og ná yfir bæði nýjar og notaðar bifreiðir í öllum flokkum (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir). Reiknað er þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal og sýnd 12 mánaða breyting þess.

Mynd II-15. Væntingavísitölur Gallup

Heimild: Capacent Gallup. Væntingavísitala Gallup ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

Mynd II-16. Einkaneysla og væntingavísitala Gallup

Heimildir: Capacent Gallup, Hagstofa Íslands. Reiknað er meðaltal hvers ársfjórðungs fyrir væntingavísitölu Gallup og vísitölu um væntingar til 6 mánaða. Magnbreyting einkaneyslu frá sama fjórðungi fyrra árs. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytingar á einkaneyslu og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

Mynd III-1. Viðskiptajöfnuður

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður sýndur sem hlutfall af (i) vergri landsframleiðslu og (ii) útflutningi vöru og þjónustu í sama ársfjórðungi.

Mynd III-2. Undirþættir viðskiptajafnaðar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekjujöfnuður). Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

Mynd III-3. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd III-4. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur og útflutningur síðustu 3 og 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd III-5. Undirþættir vöruútflutnings

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Mánaðartölur verðmætis vöruútflutnings flokkaðar eftir helstu vöruflokkum. Gögnin eru færð á föstu gengi miðað við mánaðarmeðaltal útflutningsveginnar meðalgengisvísitölu (vöruskiptavog víð) í síðasta mánuðinum sem gögnin ná til á hverjum tíma.

Mynd III-6. Undirþættir vöruinnflutnings

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Mánaðartölur verðmætis vöruinnflutnings flokkaðar eftir helstu vöruflokkum. Gögnin eru færð á föstu gengi miðað við mánaðarmeðaltal innflutningsveginnar meðalgengisvísitölu (vöruskiptavog víð) í síðasta mánuðinum sem gögnin ná til á hverjum tíma.

Mynd III-7. Magnbreyting helstu útflutningsvara

Heimild: Hagstofa Íslands. Myndin sýnir magnbreytingu helstu flokka útflutnings á hverjum árfjórðungi miðað við sama ársfjórðung á fyrra ári.

Mynd III-8. Magnbreyting helstu innflutningsvara

Heimild: Hagstofa Íslands. Myndin sýnir magnbreytingu helstu flokka innflutnings á hverjum árfjórðungi miðað við sama ársfjórðung á fyrra ári.

Mynd III-9. Vöruútflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

Mynd III-10. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti þriggja flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljárn og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal sýnt sem vísitala, janúar 2000=100.

Mynd III-11. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiddrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veita saman með gengisvog vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd III-12. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd III-13. Þjónustujöfnuður

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

Mynd III-14. Aflaverðmæti

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýnd er mánaðarleg vísitala aflaverðmætis á föstu verðlagi og 12 mánaða breyting hennar. 2004=100.

Mynd III-15. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimildir: Fiskistofa, Hagstofa Íslands. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir helstu flokkum eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, uppsafnaðar frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en tölur um aflamagn.

Mynd III-16. Útflutningsverðlag

Heimildir: Hagstofa Íslands, London Metal Exchange (LME), Seðlabanki Íslands. Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum skv. mánaðarlegum verðvísitölum Hagstofu Íslands Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöru-skiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME í Bandaríkjadöllum. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiddrétt.

Mynd III-17. Olíu- og bensínverð á heimsmarkaði

Heimildir: Bloomberg, Nymex. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu 12 mánaða í Bandaríkjadöllum.

Mynd III-18. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: Reuters EcoWin. Vikulegar tölur. Sýndar eru tvær vísitölur; hrávöruverð í heild án eldsneytis og verð matvæla, bæði í Bandaríkjadöllum og evrum.

Mynd III-19. Raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd III-20. Raungengi m.v. verðlag

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð.

Mynd IV-1. Atvinnuleysi

Heimildir: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiddrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd IV-2. Erlendir starfsmenn

Heimild: Vinnumálastofnun. Sýndur er fjöldi nýrra og framlengdra atvinnuleyfa, skráningar starfsmanna hjá Vinnumálastofnun frá E-8 löndunum (E-8 löndin eru Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland), nýir starfsmenn á vegum starfsmannaleiga og framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar. Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

Mynd IV-3. Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

Mynd IV-4. Starfandi og fjöldi við vinnu

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Sýndur er fjöldi starfandi og fjöldi fólks við vinnu í viðmiðunarvikunni og breyting á fjölda þeirra. Starfandi teljast þeir sem unnu a.m.k. eina klst. í viðmiðunarvikunni eða voru fjarverandi frá vinnu sem þeir að öllu jöfnu voru ráðnir til. Við vinnu teljast þeir sem hafa unnið 1 klst. eða fleiri í viðmiðunarvikunni.

Mynd IV-5. Vinnuafslnotkun

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður. Heildarvinnutími er margfeldi fjölda þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni og meðalvinnutíma þeirra.

Mynd IV-6. Vinnuafslnotkun

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður. Sýnd er breyting á heildarvinnustundafjölda og framlag aldurshópa til hennar.

Mynd IV-7. Laun og kaupmáttur

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

Mynd IV-8. Launabreytingar eftir geirum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Fram til ársins 2006 eru annars vegar laun á almennum markaði og hins vegar laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum undirliðir launavísitölunnar, en frá og með 2006 eru laun bankamanna reiknuð með launum á almennum markaði.

Mynd IV-9 Launabreytingar eftir starfsstétt

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Vísitala launa er birt fyrir eftirfarandi starfsstéttir á almennum vinnumarkaði: Stjórnendur, sérfræðinga, tækna og sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og verkafólk. Starfsstéttir eru skilgreindar samkvæmt ÍSTARF 95 flokkunarkerfinu. ÍSTARF 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á starfaflokkunarkerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ISCO-88.

Mynd IV-10 Launabreytingar eftir atvinnugrein

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Vísitala launa nær til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði: Iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunar og ýmisrar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I), og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J). Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölunnar. Atvinnugreinar eru skilgreindar samkvæmt ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkun. ÍSAT 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á atvinnugreinaflokkunarkerfi Evrópusambandsins.

Mynd V-1. Tekjur, gjöld og jöfnuður hins opinbera

Heimildir: Fjárhagur hins opinbera eftir ársfjórðungum, Hagstofa Íslands. 12 mánaða hækkun tekna og gjalda umfram neysluverð. Tekjujöfnuður hins opinbera sem hlutfall (%) af landsframleiðslu sama árfjórðungs.

Mynd V-2. Tekjur, gjöld og jöfnuður ríkissjóðs

Heimildir: Fjárhagur hins opinbera eftir ársfjórðungum, Hagstofa Íslands. 12 mánaða hækkun tekna og gjalda umfram neysluverð. Tekjujöfnuður ríkissjóðs sem hlutfall (%) af landsframleiðslu sama árfjórðungs.

Mynd V-3. Tekjur, gjöld og jöfnuður sveitarfélaga

Heimildir: Fjárhagur hins opinbera eftir ársfjórðungum, Hagstofa Íslands. 12 mánaða hækkun tekna og gjalda umfram neysluverð. Tekjujöfnuður sveitarfélaga sem hlutfall (%) af landsframleiðslu sama árfjórðungs.

Mynd V-4. Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjuafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Lánsfjárafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004 og aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum. Eignasölutekjur meðtaldar

Mynd V-5. Reglulegar tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld án vaxta

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld ríkissjóðs án vaxta. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004 og aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum.

Mynd V-6. Þróun skatttekna ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjú flokkar skatttekna; tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004 og aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum.

Mynd V-7. Ríkisútgjöld eftir tegundum

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjú tegundaflokkar ríkisútgjalda, stjórnsýsla, atvinnumál og félagsmál. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Rekstrargjöld og tilfærslur leiðrétt eftir föngum fyrir bókhaldsbreytingum og tímasetningu aðalútgreiðslu vaxtaog -barnabóta.

Mynd V-8. Þróun ríkisútgjalda, helstu málaflokkar

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjú tegundaflokkar útgjalda ríkis (eftir málaflokkum); almenn mál, atvinnumál og félagsmál. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Ekki var hægt að leiðrétta aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingum líkt og gert er í öðrum myndum í V kafla. Skilgreiningar breyttust í ársbyrjun 2006 og aftur í ársbyrjun 2007. Í desember 2007 var breytt um aðferð við að tengja saman mismunandi gögn. Við það breyttist myndin nokkuð 2005-2007.

Mynd VI-1. Hlutfjármarkaður

Heimild: Kauphöll Íslands. Sýnd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa og mánaðalegt meðaltal úrvalsvísitölu. Nýjasta tala um veltu er velta yfirstandandi mánaðar til og með föstudegi fyrir útgáfu Hagvísu en nýjasta gildi vísitölu er lokagildi föstudags fyrir útgáfu Hagvísu.

Mynd VI-2. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð (staðgreiðsluverð) íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu miðað við vísitölu Fasteignamats ríkisins. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl.

Mynd VI-3. Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Fasteignamat ríkisins. Staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu miðað við vísitölu Fasteignamats ríkisins. Velta er miðuð við kaupdag íbúða. Mánaðarlegar tölur.

Mynd VI-4. Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur.

Mynd VI-5. Auglýstar fasteignir og meðalsölutími birgða

Heimildir: Fasteignavefur Morgunblaðsins, Fasteignamat ríkisins. Byggt á upplýsingum frá fasteignavef Morgunblaðsins þar sem tekið er mið af fastanúmeri eignar og þannig reynt að koma í veg fyrir margtalningu sömu eignar. Tekið er mið af meðaltali eigna til sölu í hverjum mánuði. Notast er við mánaðarlega veltu skv. þinglýsingu á kaupsamningi eignar. Meðalsölutími birgða er sá tími (mánuðir) sem tekur að selja eignir sem auglýstar eru til sölu miðað við veltu viðkomandi mánaðar.

Mynd VI-6. Fjöldi og fjárhæð nýrra íbúðalána

Heimildir: Íbúðalánasjóður, Seðlabanki Íslands. Fjárhæð nýrra íbúðalána hjá innlánsstofnunum og Íbúðalánasjóði í milljónum króna. Fjöldi nýrra íbúðalána hjá innlánsstofnunum í hverjum mánuði.

Mynd VI-7. Markaðsverð húsnæðis: landið allt og landsbyggðin

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýnd er 12 mánaða breyting markaðsverðs húsnæðis á landinu öllu og á landsbyggðinni. Einnig eru sýndar vísitölur raunverðs.

Mynd VI-8. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis. Óvissa er veruleg vegna fárra, ósamleitra mælinga. Gögn geta bæst við í síðustu fjórðungum.

Mynd VII-1. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

Mynd VII-2. Skuldir heimilanna við helstu lánastofnanir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Skuldir einstaklinga í lok hvers mánaðar við innlánsstofnanir, við lífeyrissjóði og fjárfestingarlánasjóði samanlagt, og við allar framangreindar stofnanir samanlagt. Einnig er sýnd raunbreyting samanlagðra skuldanna frá sama tíma á fyrra ári, raunvirt er með vísitölu neysluverðs.

Mynd VII-3. M3 og innlend útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána. Við útreikning á breytingum milli ára er leiðrétt fyrir innkomu Kaupþings banka og Glitnis í reikninga innlánsstofnana með því að bæta útlánnum þeirra við útlán innlánsstofnana á fyrra tímabilinu. Einnig er sýnt raungildi útlána, reiknað miðað við vísitölu neysluverðs. Frá og með janúar 2008 eru niðurfærslur útlána sýndar sérstaklega. Undirliðir útlána eru því sýndir brúttó frá sama tíma og gögn því ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-4. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Útlán og peningamagn (M3) í lok hvers mánaðar er fært til fasts verðs með vísitölu neysluverðs. Peningamagn er árstíðarleiðrétt. Janúar 2001=100. Frá og með janúar 2008 eru niðurfærslur útlána sýndar sérstaklega. Undirliðir útlána eru því sýndir brúttó frá sama tíma og gögn því ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-5. Útlán innlánsstofnana til fyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Magnbreyting útlánsvaxtar frá sama mánuði fyrra árs og hlutdeild undirþátta hans. Flokkur sem tilgreindur er sem annað samanstendur af víxlum, innleystum ábyrgðum og eignaleigusamningum.

Mynd VII-6. Útlán innlánsstofnana til heimila

Heimild: Seðlabanki Íslands. Magnbreyting útlánsvaxtar frá sama mánuði fyrra árs og hlutdeild undirþátta hans. Flokkur sem tilgreindur er sem annað samanstendur af víxlum, innleystum ábyrgðum og eignaleigusamningum. Frá og með janúar 2008 eru niðurfærslur útlána sýndar sérstaklega. Undirliðir útlána eru því sýndir brúttó frá sama tíma og gögn því ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-7. Innlán fyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Magnbreyting innlánsvaxtar frá sama mánuði fyrra árs og hlutdeild undirþátta hans. Bundið sparifé samanstendur af peningamarkaðsreikningum og öðru bundnu sparifé. Verðtryggt sparifé samanstendur af innlánum vegna viðbótalífeyrissparnaðar, verðtryggðum orlofsreikningum og verðtryggðum innlánum.

Mynd VII-8. Innlán heimila

Heimild: Seðlabanki Íslands. Magnbreyting innlánsvaxtar frá sama mánuði fyrra árs og hlutdeild undirþátta hans. Bundið sparifé samanstendur af peningamarkaðsreikningum og öðru bundnu sparifé. Verðtryggt sparifé samanstendur af innlánum vegna viðbótalífeyrissparnaðar, verðtryggðum orlofsreikningum og verðtryggðum innlánum.

Mynd VII-9. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting þriggja mánaða meðaltala.

Mynd VII-10. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vikulegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til eins dags og þriggja mánaða.

Mynd VII-11. Raunstýrivextir

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Raunstýrivextir eru reiknaðir á fimm vegu sem vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans að teknu tilliti til verðbólgu og verðbólguvæntinga. Verðbólguvæntingar er metnar annars vegar út frá verðbólguvæntingum almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu tólf mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til er annars vegar reiknað út frá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa (RIKB 13 0517) og spariskírteina (RIKS 15 1001) og hins vegar út frá verðbólguálagi ríkisskuldabréfa út frá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa (RIKB 13 0517) og íbúðabréfa í flokki HFF150914. Tölur eru í mánaðarlok. Vikulegar tölur.

VII-12. Vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Skammtímavaxtamunur við útlönd miðað við ríkisvixla er munur þriggja mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímavaxtamunur við útlönd miðað við millibankavexti er munur þriggja mánaða millibankavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Langtímavaxtamunur við útlönd miðað við ríkisbréf er munur u.þ.b. fimm ára ríkisbréfa á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Vikulegar tölur.

Mynd VII-13. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð í flokkana RIKB 07 0209, RIKB 08 0613, RIKB 08 1212, RIKB 09 0612, RIKB 10 0317 og RIKB 13 0517. Daglegar tölur.

Mynd VII-14. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í spariskírteini, húsbréf og íbúðabréf. Sýndir eru flokkarnir RIKS 15 1001, IBH26 0315, HFF150914 og HFF150434. Daglegar tölur.

Mynd VII-15. Framvirkir vextir á fjármálamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Framvirkir vextir reiknaðir út frá vöxtum á millibankamarkaði, ávöxtunarkröfu ríkisvixla og ríkisbréfa. Notuð er aðferð Nelson-Sigel.

Mynd VII-16. Framvirkir vextir út frá skiptasamningum

Heimild: Seðlabanki Íslands. Framvirkir vextir reiknaðir út frá vöxtum á millibankamarkaði og skiptasamningum. Notuð er aðferð Nelson-Sigel.

Mynd VII-17. Óverðtryggðir meðalvextir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða, ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (flokkur RIKB 13 0517) og vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans. Vegna breyttra aðferða við útreikning meðalvaxta eru tölur frá og með febrúarmánuði 2007 ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-18. Verðtryggðir meðalvextir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða og ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (flokkur HFF150934) (frá 9. júlí 2004, húsbréf þar áður) og spariskírteina (flokkur RIKS 15 1001). Vegna breyttra aðferða við útreikning meðalvaxta eru tölur frá og með febrúarmánuði 2007 ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-19. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunar spariskírteina

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur verðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina (flokkur RIKS 05 0410) (þessar raðir eru sýndar í mynd 64). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans. Vegna breyttra aðferða við útreikning meðalvaxta eru tölur frá og með

febrúarmánuði 2007 ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-20. Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta verðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlásvaxta á verðtryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum. Vegna breyttra aðferða við útreikning meðalvaxta eru tölur frá og með febrúarmánuði 2007 ekki fyllilega sambærilegar við eldri tölur.

Mynd VII-21. Vextir íbúðalána

Heimildir: Glitnir, Kaupþing, Landsbanki Íslands, Íbúðalánasjóður. Lægstu vextir verðtryggðra íbúðalána banka, m.v. uppgreiðsluþóknunar á lánum. Vextir Íbúðalánasjóðs miðast við verðtryggða vexti íbúðalána með uppgreiðsluþóknun frá og með nóvember 2005, en án uppgreiðsluþóknunar fyrir þann tíma.

Mynd VII-22. Skuldatryggingar íslenskra banka og vísitala evrópskra fjármálafyrirtækja

Heimildir: Bloomberg, Reuters. Skuldatryggingar þriggja stærstu viðskiptabanka Íslands auk vísitölu evrópskra fjármálafyrirtækja (Itraxx). Daglegar tölur.

Mynd VII-23. Framvirk gjaldeyrisstaða bankanna og gengi krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vísitala meðalgengis er reiknuð út frá víðri viðskiptavog. Vogin er reiknuð út frá vöruviðskiptum við öll lönd sem vega að minnsta kosti 0,5% í vöruviðskiptum Íslands undangengin þrjú ár. Auk þess er tekið tillit til hlutfalls ferðamennsku í þjónustuviðskiptum. Framvirk gjaldeyrisstaða bankanna er nettóstaða framvirkra gjaldeyrisamninga. Þá er átt við samning þar sem handhafi er skuldbundinn til að kaupa eða selja ákveðna eign (í þessu tilfalli erlendan gjaldeyri) á ákveðnu verði á einum eða fleiri dögum í framtíðinni. Daglegar tilkynningar berast frá aðilum á millibankamarkaði um gjaldreyrisviðskipti, en þeir eru nú Glitnir, Landsbanki Íslands og Kaupþing. Miðað er við meðaltal mánaðar.

Mynd VII-24. Framvirk gjaldeyrisstaða bankanna og vaxtamunur að teknu tilliti til gengisflökts

Heimildir: Bloomberg, Seðlabanki Íslands. Vaxtamunur að teknu tilliti til gengisflökts er hlutfalla þriggja mánaða vaxtamunar á peningamarkaði á Íslandi og evrusvæðinu af afleiddu flökki ISK/EUR-valrétti. Sjá skýringar á framvirkri gjaldeyrisstöðu bankanna við mynd VII-23 hér að framan. Miðað er við meðaltal mánaðar.

Mynd VII-25. Gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum

Heimild: Seðlabanki Íslands. Gengi gjaldmiðla gagnvart krónu er miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Vísitala meðalgengis: sjá skýringu við mynd VII-27. Daglegar tölur.

Mynd VII-26. Gengi krónu gagnvart hávaxtagjaldmiðlum

Heimild: Bloomberg. Gengi gjaldmiðla gagnvart evru. Daglegar tölur.

Mynd VII-27. Meðalgengi og raungengi krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vísitala meðalgengis er hér reiknuð út frá víðri viðskiptavog. Vogin er reiknuð út frá vöruviðskiptum við öll lönd sem vega að minnsta kosti 0,5% í vöruviðskiptum Íslands undangengin þrjú ár. Auk þess er tekið tillit til hlutfalls ferðamennsku í þjónustuviðskiptum. Daglegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð. Mánaðarlegar tölur.

Mynd VII-28. Skuldabréfaútgáfa erlendis

Heimildir: Reuters, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru bæði nýjar útgáfur og þær sem koma á gjalddaga af erlendum skuldabréfum í krónum auk þess sem útistandandi upphæð bréfa er sýnd sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ársins 2006.

Mynd VIII-1. Verðlagsþróun erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysluverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd VIII-2. Verðlagsþróun á Norðurlöndunum

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysluverðs í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Mynd VIII-3. Verðlagsþróun í nýmarkaðsríkjum

Heimild: Global Insight. Mánaðarleg 12 mánaða breyting neysluverðs í nýmarkaðsríkjum.

Mynd VIII-4. Atvinnuleysisþróun erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleidd atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi, Japan og viðskiptalöndunum.

Mynd VIII-5. Iðnaðarframleiðsla erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleidd iðnaðarframleiðsla sem vísitala (2000=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd VIII-6. Hagvöxtur

Heimild: Reuters EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi fyrra árs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd VIII-7. Hagvöxtur í nýmarkaðsríkjum

Heimild: Global Insight. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi fyrra árs í nýmarkaðsríkjum.

Mynd VIII-8. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd VIII-9. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

Mynd VIII-10. Hlutabréfaverð erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Daglegar tölur. Síndar eru breiðar hlutabréfavitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

Mynd VIII-11. Hlutabréfaverð á Norðurlöndunum

Heimild: Reuters EcoWin. Daglegar tölur. Síndar eru breiðar hlutabréfavitölur; OBX í Noregi, OMXS í Svíþjóð, OMXC í Danmörku og OMXI á Íslandi. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

Mynd VIII-12. Stýrivextir seðlabanka erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Daglegar tölur um stýrivexti Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

Mynd VIII-13. Vextir á peningamarkaði erlendis

Heimildir: Bloomberg, Reuters Ecwin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til þriggja mánaða í Suður-Afríku, Tyrklandi, Nýja-Sjálandi og á Íslandi. Vextir á 30 daga skiptasamningum í Brasilíu.

Mynd VIII-14. Skammtíma vextir hávaxtagjaldmiðla

Heimild: Reuters EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til þriggja mánaða í Suður-Afríku, Tyrklandi, Nýja-Sjálandi og á Íslandi.

Mynd VIII-15. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis

Heimild: Reuters EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

Mynd VIII-16. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi miðað við íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 2001.

Mynd VIII-17. Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu á evrusvæði, í Bretlandi og Þýskalandi. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Síndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

Mynd VIII-18. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og Japan. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Síndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

Mynd VIII-19. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD

Heimildir: OECD, Reuters EcoWin. 6 mánaða breyting á ársvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísa.

Mynd VIII-20. Væntingavísitölur á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum

Heimildir: European Commission, Reuters EcoWin The Conference Board í Bandaríkjunum og Institute for Supply Management (ISM Report on Business) í Bandaríkjunum. Síndar eru væntingavísitölur fyrir neytendur og fyrirtæki.